

ÁLITSGERÐ

nefndar samkvæmt 27. gr. laga 70/1996
um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins
í málinu nr. 1/2011

Mál X

1. Aðilar málsins

Aðilar málsins eru ...skóli Y og X kt. ... Skólameistari ...skóla Y rak málið f.h. ...skóla Y en Jón Haukur Hauksson hdl. rak málið f.h. X.

2. Málavextir

2.1. Málsmeðferð fyrir nefndinni

Við meðferð málsins skipuðu nefndina Kristín Benediktsdóttir héraðsdómslögmaður, formaður, Erna Guðmundsdóttir héraðsdómslögmaður, tilnefnd af heildarsamtökum ríkisstarfsmanna og Óskar Norðmann héraðsdómslögmaður tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Málið barst nefndinni 5. júlí 2011, með bréfi þáverandi skólameistara ...skóla Y, dags. 30. júní 2011. Þar var tilkynnt að skólameistari hefði veitt X lausn um stundarsakir úr starfi sem ...kennara við ...skóla Y frá og með 1. ágúst 2011, með vísan til þess að X hefði verið kærður til lögreglunnar á B fyrir brot á 202. og 206. gr. almennra hegningarlaga. Í bréfinu var jafnframt tekið fram að þar sem X hefði verið skipaður kennari 1. ágúst 1979 bæri að fara með mál hans í samræmi við V. og VI. kafla laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í bréfinu var tekið fram að mál X væri til rannsóknar hjá lögreglunni á B en sýslumaður hefði hafnað beiðni skólameistara um aðgang að upplýsingum um rannsókn málsins og framvindu þess. Þær upplýsingar um málið sem lægju fyrir væru komnar frá X sjálfum auk þess sem lögreglan hafi upplýst skólameistara um málsatvik 6. apríl 2011. Hafi X í samtali við skólameistara viðurkennt að hafa átt í kynferðislegu sambandi við þann einstakling sem málið snerti, en hafi staðið í þeirri meiningu að viðkomandi hafi verið orðinn 18 ára.

Afrit af bréfi skólameistara til X, dags. 30. júní 2011, þar sem honum var tilkynnt um að ákveðið hefði verið að veita honum lausn frá störfum um stundarsakir með vísan til 2. másl. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fylgdi bréfi skólameistara til nefndarinnar. Bréfinu fylgdi jafnframt afrit af bréfi skólameistara, dags. 14. apríl 2011, til sýslumannsins á B, svar við því bréfi, dags. sama dag, afrit af bréfi skólameistara, dags. 14. apríl 2011, til X þar sem staðfest var sú ákvörðun skólameistara að veita X tímabundið leyfi frá starfsskyldum auk afrits af minnisatriðum skólameistara vegna málsins.

Þann 7. júlí 2011 sendi formaður nefndarinnar bréf til fjármálaráðherra og óskaði þess að skipaðir yrðu tveir meðnefndarmenn til þess að fjalla um málið, sbr. 2. og 3. másl. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (hér eftir nefnd starfsmannalög). Með bréfi, dags. 13. september 2011, tilkynnti fjármálaráðuneytið um skipun nefndarinnar og hóf nefndin störf 27. september 2011. Með bréfi formanns, dags. 7. júlí 2011 var X tilkynnt að málið hefði verið sent nefndinni til meðferðar.

Eftir að málið barst nefndinni til meðferðar ákvað hún að afla frekari gagna. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. starfsreglna nefndarinnar frá 29. júlí 1997 skal nefndin ljúka máli og semja álit, þótt opinber rannsókn hafi farið fram í máli og ákærvald hafi gefið út ákæru. Jafnframt kemur fram í 14. og 15. gr. reglnanna að nefndin skuli við rannsókn málsins afla allra gagna sem kunna að vera til upplýsingar um málsatvik eða réttarstöðu starfsmannsins að öðru leyti, þ.m.t. skýrslur sem gefnar hafa verið við opinbera rannsókn. Með vísan til þessa ritaði formaður nefndarinnar lögreglustjóranum á B bréf þann 27. september 2011 og óskaði eftir afrit af rannsóknargögnum. Í bréfi setts lögreglustjóra, dags. 5. október 2011, kom fram að rannsókn lögreglunnar á málinu væri lokið og það hafi verið sent ríkissaksóknara til meðferðar. Í framhaldinu ritaði formaður nefndarinnar embætti ríkissaksóknara bréf 12. október 2011 og óskaði eftir því að nefndinni yrði veittar upplýsingar um stöðu rannsóknarinnar og afhent afrit rannsóknargagna sem kynnu að vera til upplýsingar um málsatvik eða réttarstöðu X. Með bréfi embættis ríkissaksóknara til nefndarinnar, dags. 20. október 2011, var beiðni nefndarinnar synjað. Formaður nefndarinnar ritaði embætti ríkissaksóknara bréf þann 3. nóvember 2011 og óskaði eftir því að nefndinni yrðu veittar upplýsingar um það hvort ákæra hafi verið gefin út í máli X og hvaða ákvæði almennra hegningarlaga hin ætluðu brot X væru talin varða við. Með bréfi embættis ríkissaksóknara, dags. 9. nóvember 2011, var staðfest að ríkissaksóknari hafi gefið út ákæru í máli X 31. október 2011 þar sem ákært er fyrir brot gegn 204. gr, sbr. 1. mgr. 202. gr., og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. síðari breytingar. Málið væri höfðað fyrir Héraðsdómi Vesturlands og málið yrði þingfest þar 15. nóvember 2011. Formaður nefndarinnar ritaði í framhaldinu Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara tölvubréf 17. nóvember 2011 þar sem óskað var afstöðu dómarsins til þess hvort hann teldi heimilt að verða við beiðni nefndarinnar um afrit af rannsóknargögnum sem lágu til grundvallar ákæru á hendur X auk afrits ákæru. Með tölvubréfi héraðsdómarans, dags. 18. janúar 2011, kom fram að í ljósi þess að ákveðið hefði verið að þinghöld í málinu yrðu háð fyrir luktum dyrum gæti dómari ekki orðið við erindinu.

Samkvæmt 16. gr. starfsreglnanna getur nefndin óskað eftir því að tilteknir menn komi til viðtals við hana til þess að tjá sig um málefni sem tengjast rannsóknarefninu. Með vísan til þessa boðaði formaður nefndarinnar þáverandi skólameistari ...skóla Y, A á fund nefndarinnar. Gaf A skýrslu fyrir nefndinni 11. nóvember 2011 að viðstöddum lögmanni X og núverandi skólameistara ...skóla Y.

Við meðferð málsins fyrir nefndinni var lagt fram af hálfu lögmanns X afrit af læknisvottorðum auk yfirlýsingar X. Gögn tengd rannsókn eða meðferð málsins hjá lögreglu eða í refsimálinu hafa ekki verið lögð fram fyrir nefndina. Að lokinni gagnaöflun og framlagningu greinargerða aðila var að beiðni lögmanns X þess óskað með tölvubréfi, dags. 18. nóvember 2011, að fallið yrði frá munnlegri reifun málsins. Á það var fallist með tölvubréfi formanns nefndarinnar til aðila sama dag með vísan til þess að í beiðni lögmannsins og greinargerð X hafi komið fram sú afstaða X að hann gerði ekki athugasemdir við ákvörðun um lausn frá störfum um stundarsakir.

2.2. Málsatvik

X var skipaður kennari 1. ágúst 1979 og hefur því starfað sem framhaldsskólakennari við ...skóla Y í 32 ár.

Með bréfi, dags. 30. júní 2011, tilkynnti þáverandi skólameistari ...skóla Y X að hann hefði ákveðið að veita honum lausn um stundarsakir úr starfi hans sem kennari við skólann með vísan til 2. másl. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í bréfinu kom fram að ástæða lausnarinnar væri sú að X væri grunaður um brot á 202. gr. og 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en brot af þessu tagi væru mjög alvarleg og kynni að hafa í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga.

X var ákærður 31. október 2011 fyrir brot gegn 204. gr., sbr. 1. mgr. 202. gr., og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. síðari breytingar.

3. Sjónarmið málsaðila.

Hér verður nánar lýst kröfum og röksemdum aðila sem fram komu í bréfum, greinargerðum og öðrum gögnum þeirra til nefndarinnar.

3.1. Sjónarmið ...skóla Y.

Af hálfu ...skóla Y er krafist að nefndin rannsaki mál X og láti í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið af skólameistara að víkja honum frá störfum um stundarsakir.

Í greinargerð skólameistara er varðandi ástæður lausnar frá störfum um stundarsakir vísað til tveggja bréfa sem þáverandi skólameistara ritaði X og formanni nefndarinnar, dags. 30. júní 2011. Tekið er fram að þegar ákveðið var að veita X lausn frá störfum hafi legið fyrir játning hans á brotum sem hann er ákærður fyrir. Ákvörðunin hafi verið tekin í samráði við lögfræðing hjá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og reynt hafi verið að taka fullt tillit til réttmætra hagsmuna X.

Í þeim bréfum sem vísað er til í greinargerð skólameistara kemur fram að skólameistari byggir ákvörðun sína í málinu á því að kominn hafi verið fram grunur um ætlaða refsiverða háttsemi sem kunnari að hafa í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga. Hafi verið lögð fram kæra á hendur X fyrir brot á 202. gr. og

206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot á 202. gr. geti varðað fangelsi allt að 16 árum en brot gegn 206. gr. geti varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Hafi X viðurkennt að hafa átt í kynferðislegu sambandi við þann einstakling sem lagði fram kæruna en að hann hafi haldið því fram að hafa staðið í þeirri trú að viðkomandi hafi verið lögráða. Reynist sakargiftir réttar telur skólameistari brotin það alvarleg að X teljist ekki verður eða hæfur til að gegna starfinu, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga og þar með sé fullnægt skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga.

3.2. Sjónarmið X

Af hálfu X eru ekki gerðar athugasemdir við þá ákvörðun skólameistara að víkja honum úr starfi kennara við ...skóla Y um stundarsakir, sbr. tölvubréf lögmanns X til formanns nefndarinnar, dags. 18. nóvember 2011. Í yfirlýsingu, dags. 17. nóvember 2011, sem undirrituð er af X og lögmaður hans lagði fyrir nefndina 18. nóvember s.á. segir svo:

„Þegar þeir atburðir komu upp, sem um er fjallað í sakamáli á hendur mér, varð að samkomulagi milli mín og skólameistara að ég viki frá um stundarsakir. Ég geri engan ágreining um þá ákvörðun skólameistara og hef skilning á henni.“

4. Niðurstaða nefndarinnar og rökstuðningur fyrir henni.

Í máli þessu krefst skólameistari ...skóla Y þess að nefndin rannsaki mál X og láti í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir. Af hálfu X eru ekki gerðar athugasemdir við ákvörðun skólameistara um að veita honum lausn frá störfum um stundarsakir.

Þar sem X var skipaður kennari 1. ágúst 1979 fer um mál hans samkvæmt VI. kafla starfsmannalaga sem fjallar um lausn frá embætti, þar með talið lausn um stundarsakir, sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum. Ber nefndinni því að láta í ljós rökstutt álit um það hvort skilyrði fyrir veitingu lausnar um stundarsakir hafi verið uppfyllt þegar ákvörðun í máli X var tekin og hvort rétt hafi verið staðið að framkvæmd þeirrar stjórnvaldsákvörðunar. Samkvæmt því á umfjöllun nefndarinnar um embættismenn og embætti í fyrri álitserðum hennar við um X og það starf sem hann hefur gegnt.

Það skal tekið fram að nefndin hefur tekið fram í fyrri álitserðum sínum að niðurstaða hennar um að rétt hafi verið að víkja manni úr embætti um stundarsakir geti orðið grundvöllur undir síðari ákvörðun viðkomandi stjórnvalds um það hvort starfsmaður skuli taka aftur við embætti sínu eða hvort víkja eigi honum að fullu úr embætti. Sá grundvöllur sé þó ekki bindandi eins og fram kemur í 2. mgr. 29. gr. starfsmannalaga. Reynist ávirðingar sem embættismanni eru gefnar að sök ekki vera fyrir hendi, skal stjórnvaldið ekki víkja manni að fullu úr embætti, þótt nefndin hafi talið rétt að víkja honum frá störfum um stundarsakir. Þótt stjórnvald hafi fengið niðurstöður nefndarinnar um að rétt hafi verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir, eða starfsmanni þegar slíkt á við, þarf stjórnvaldið því að taka sjálfstæða ákvörðun um endanlega lausn úr starfi með tilliti til þess sem síðar hefur komið fram um þær

ávirðingar sem voru uppi. Það er hins vegar ekki hlutverk nefndarinnar að taka ákvörðun um það hvort embættismaður eða starfsmaður skuli aftur taka við starfinu.

Þegar ákveðið var að veita X lausn frá störfum um stundarsakir hafði ákæra ekki verið gefin út á hendur honum. Þáverandi skólameistari byggði ákvörðun sína á upplýsingum frá lögreglustjóranum á B um að X væri grunaður um brot á 202. og 206. gr. almennra hegningarlaga og því að X hafði viðurkennt fyrir skólastjórnendum að hafa átt í kynferðislegu sambandi við einstakling en hafa staðið í þeirri meiningu að viðkomandi væri orðinn 18 ára. tekið fram að hann hafi ekki vitað um aldur hans. Fyrir liggur að X hefur verið ákærður fyrir brot á 204. gr., sbr. 1. mgr. 202. gr., og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 202. gr. varðar samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára ekki skemmra en eins árs fangelsi og allt að 16 ára fangelsi. Í 204. gr. er tekið fram að hafi brot samkvæmt 202. gr. verið framið í gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð skuli beitt vægari refsingu að tiltölu sem þó megi ekki fara niður fyrir lágmark fangelsis. Samkvæmt 2. mgr. 206. gr. varðar kaup á vændi þegar um er að ræða barn undir 18 ára aldri sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Að mati nefndarinnar leikur ekki vafi á því að grunur hafi legið fyrir um refsivert brot þannig að fyrri skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, hafi verið uppfyllt. Kemur það fram með ótvíræðum hætti í gögnum málsins. Eftir er þó að meta hvort síðara skilyrði ákvæðisins, að háttsemin sem X var grunaður um hafi verið þess eðlis að hún gæti leitt til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga ef rétt reyndist, þar sem hann teldist ekki verður eða hæfur til að rækja áfram starfann. Að mati nefndarinnar skiptir hér miklu máli að X viðurkenndi strax fyrir skólastjórnendum umrædda háttsemin. Þá verður að telja að yrði kennari í framhaldsskóla sakfelldur fyrir að hafa framið kynferðisbrot gagnvart barni teldist hann ekki verður eða hæfur til að gegna starfinu áfram í skilningi 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Að mati nefndarinnar nægir að líta til eðlis þeirra brota sem X var grunaður um og hann viðurkenndi að hafa framið og sem síðar var ákært fyrir. Nefndin bendir á að ákærvaldið hafi talið, að lokinni lögreglurannsókn, fram komin gögn nægjanleg eða líkleg til sakfellis, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Nefndin hefur ítrekað tekið fram í álitum sínum, t.d. í máli nr. 3/2003, að umrætt ákvæði starfsmannalaga sé lögmælt bráðabirgðaurræði sem lögin veita til þess að bregðast við sérstökum aðstæðum. Rökin hér að baki eru að ekki sé forsvaranlegt að embættismaður, sem grunaður er um að hafa framið refsivert brot, gegni því á meðan slíkur grunur er til staðar en í því sambandi verður einnig að líta til bæði eðlis og alvarleika brots og hvaða starfsstétt embættismanna á í hlut. Hefur nefndin m.a. bent á að ákvæðið eigi við um starfsstéttir eins og lögreglumenn, sem hafa það hlutverk að halda uppi lögum í þjóðfélaginu og þyrftu að njóta trausts almennings, og sóknarpresta, sem verða vegna stöðu sinnar og hlutverks að njóta trausts sóknarbarna sinna. Að mati nefndarinnar eiga sömu rök við um starfsstétt kennara, sem verða stöðu sinnar vegna og hlutverks að njóta trausts í því umhverfi sem þeir starfa í og að ekki sé forsvaranlegt að kennari gegni

störfum á meðan rannsókn á kynferðisbroti sem hann hefur viðurkennt er til meðferðar hjá lögreglu.

Að þessu virtu er það álit nefndarinnar að sú háttsemi sem X var grunaður um og hafði viðurkennt þegar ákvörðun var tekin um að veita honum lausn frá störfum um stundarsakir hafi verið fullnægjandi grundvöllur ákvörðunarinnar.

ÁLIT

Nefnd skv. 27. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, telur að skólameistara ...skóla Y hafi verið rétt að veita X lausn frá störfum um stundarsakir þann 1. ágúst 2011.

Reykjavík, 22. desember 2011

Kristín Benediktsdóttir

Erna Guðmundsdóttir

Óskar Norðmann